

Starfsleyfi

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR GISTISTAÐI, HEIMAGISTINGU

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1 Almenn ákvæði og gildissvið

- 1.1 Skilyrði þessi gilda fyrir heimagistingu, sem er sala á gistingu á heimili leigusala allt að 8 herbergi eða 16 rúm.
- 1.2 Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.
- 1.3 Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.
- 1.4 Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.

2 Húsnæði og búnaður

- 2.1 Húsnæði skal uppfylla kröfur um íbúðarhúsnæði og vera rúmgott, bjart, hæfilega hitað og loftræst á fullnægjandi hátt.
- 2.2 Húsnæði skal vera vel viðhaldið.
- 2.3 Gestir skulu hafa aðgang að fullbúinni snyrtingu og baðaðstöðu. Að jafnaði skulu ekki fleiri en tíu gestir vera um hverja snyrtingu og baðaðstöðu.
- 2.4 Snyrting skal vera vel loftræst .
- 2.5 Hitastýrð blöndunartæki skulu vera í handlaugum og böðum og skal vatnshiti ekki fara yfir 43°C við töppunarstað.
- 2.6 Um aðbúnað að öðru leyti er vísað í lög um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og reglugerð settri samkvæmt þeim.

3 Hreinlæti og þrif

- 3.1 Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin fyrir nýja viðskiptavini. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera minnst árlega.
- 3.2 Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.

- 3.3 Þvottur skal þvegin við fullnægjandi aðstæður. Handklæði og rúmföt skal þvo við a.m.k. 60°C. Hreint lín skal aðskilið frá óhreinu.
- 3.4 Ávallt skal skipta á rúmfatnaði, handklæðum og öðrum hreinlætisbúnaði áður en nýjum viðskiptavini er vísað til gistisherbergis.
- 3.5 Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.

4 Matvæli

- 4.1 Um matvæli gilda lög nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim

5 Umhverfismál

- 5.1 Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið
- 5.2 Spilliefnum skal komið til móttökustöðva. Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og auka endurvinnslu úrgangs.
- 5.3 Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.
- 5.4 Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru.
- 5.5 Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.

Starfsleyfisráðgjafi eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð um spilliefni nr. 806/1999 breytt með reglugerð nr. 169/2002, reglugerð nr. 236/1990 um flokkun og meðferð eitrefna, hættulegra efna og vörutegunda, sem innihalda slík efni, lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir, lögum nr. 93/1995 um matvæli með áorðnum breytingum og reglugerðum settum samkvæmt þeim, reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, byggingarreglugerð nr. 441/1998.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT): 55.90030 Gisting á einkaheimili

Reykjavík 8. 06. 2010


Kristín Linda Árnadóttir